

Sþ.

128. Tillaga til þingsályktunar

[107. mál]

um sjómælingar.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Gunnar Thoroddsen, Jón Árnason, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að sjómælingum við Ísland verði hraðað svo sem unnt er. Jafnframt verði stefnt að því að afla sem gleggstrar alhliða vitneskju um landgrunnið allt, svo sem víðáttu þess, dýpistakmörk, botnlag og hvers konar notagildi.

Kostnaður sá, er af ályktun þessari leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Sjómælingar við Ísland beinast að gagnasöfnun á hafinu umhverfis landið, er á megi byggja við útgáfu sjókorta og annarra upplýsinga í þágu sjófarenda. Gefur auga leið, hversu nauðsynlegt er öllum fiskimönnum og farmönnum að hafa aðgang að traustum heimildum af sliku tagi í sjóróðrum og siglingum með ströndum fram, inn á firði, vikur og voga eða út til hafs. Það er skylda hvernar sjálfstæðrar þjóðar að þekkja land sitt sem bezt. Á sama hátt er nauðsynlegt og skylt að kanna umhverfi landsins, hafdýpi og hafsbötn, bæði með ströndum fram og á öllu landgrunninu. Sjómælingar eru unnar í þágu alþjóðar, líkt og landmælingar. Aðeins lítill hluti hafsvæðisins kringum Ísland hefur verið nákvæmlega mældur. Þar er því ærið verkefni fyrir höndum.

Danska sjómælingastofnunin — Det Kongelige Danske Søkort-Arkiv — gaf út fyrsta íslenzka sjókortið árið 1788. Það náði yfir Faxaflóa. Á 19. öld miðaði sjómælingum hægt áfram og lítið fé var veitt til þeirra. Á árunum 1898—1908 fékkst aukin fjárveiting í þessu skyni, og var mælingum talið lokið 1908. Hluti Breiðafjarðar var sérmeður árin 1896 og 1913 fyrir fé úr ríkissjóði Íslands. Friðrik V. Ólafsson, skipherra og síðar skólastjóri, mun fyrstur Íslendinga hafa kynnt sér sjómælingar. Vann hann að þeim ásamt öðrum störfum á árunum 1929—1937. Það ár bættist annar starfskraftur við, Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæzlunnar. Hann var forstöðumaður sjómælinga frá 1952—1970. Nú eru sjómælingar sjálfstæð stofnun, er lýtur dómsmálaráðuneytinu. Forstöðumaður er Gunnar Bergsteinsson.

Árið 1957 varð Ísland aðili að Alþjóðasjómælingastofnuninni. Engin lög né heldur reglugerðir hafa verið sett um íslenzkar sjómælingar. Á fjárlögum hefur þó árlega verið veitt nokkurt fé til umræddra mælinga frá því um 1930, en tíðast af skornum skammti.

Aðalmarkmið sjómælinga er að ákveða dýpi sjávarins. En fleira þarf að athuga. „Eitt af brýnustu verkefnum í náinni framtíð er því gagnger nýmæling á öllu landgrunninu, ekki aðeins með tilliti til siglinga og fiskveiða, heldur einnig athugun á botni landgrunnsins til þess að kanna möguleika á hagnýtingu þess, sem þar kann að finnast,“ segir Gunnar Bergsteinsson.

Það er viðurkennt, að sjómælingar eru nauðsynlegar. Mun því óþarft að telja upp öll rök, sem að því hniga. Í viðbót við framanritað má þó nefna, að gögn mælinganna koma að beinum notum við gerð hafnaráætlana og snerta ýmis atriði á sviði haffræði og jarðeðlisfræði. Þá er brýn nauðsyn að hafa nákvæm og rétt sjókort við höndina, þegar fjallað er um landhelgismál, til að forðast ágreining, er rísa kann vegna ósamræmis eða ónákvæmni sjókorta.

Verkefni sjómælinga eru mörg og mikilvæg. Brýn þörf er á auknum athugunum sjávarfalla við strendur landsins. Sjómenn þurfa á glöggum og greinilegum

fiskikortum að halda. Sjófarendur krefjast góðra hafnarkorta. Rík þörf er á útgáfu sérkorta af flóum, og fjörðum í stórum mælikvarða. Í því skyni væri mjög æskilegt að fá lítið mælingaskip, að ekki sé talað um nýjan dýptarmæli, en erindi þess efnis mun hafa verið sent til fjárveitinganefndar.

Sjómælingar hafa notið góðs af samvinnu við starfsmenn vita- og hafnamála og landhelgisgæzlu, og hafa skip þeirra aðila unnið að mælingum eftir föngum. Á árunum 1946—1961 áttu Sjómælingar eigið skip, 30 smálestir að stærð, er notað var árlega, unz það var dæmt fúð og ónothæft.

Vorið 1969 voru samþykkt lög um yferráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland. Þar er því lýst yfir í 1. gr., að íslenska ríkið eigi fullan og óskoraðan yferráðarétt yfir landgrunni Íslands, að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og vinnslu og nýtingar þeirra.

Vorið 1971 var samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið. Landhelgismálið er enn efst á baugi í sölum Alþingis. Útfærsla fiskveiðimarkanna liggur í loftinu og bíður aðeins lokaákvörðunar. Aukast þá enn til mikilla muna viðfangsefni sjómælinga, m. a. að því er varðar ýmis atriði, sem kanna þarf í sambandi við veiðar og staðsetningu fiskiskipa í stækkaðri fiskveiðilandhelgi.

Með hliðsjón af framanrituðu má ljóst vera, hversu ríka nauðsyn ber til að hraða framkvæmdum við sjómælingar og veita aukið fé í því skyni, svo að unnt sé að vinna að fjölbættum og aðkallandi verkefnum á þessu sviði.